

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. kafla, 2. gr., b-stafl. samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði skal vera kr. 7.500. Gjald greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 30. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 2. kafla, 6. gr., b-stafl. samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði skal vera kr. 5.500. Gjald greiðist á gjalddaga 1. júlí en eindagi er 30. júlí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði, sem eftir eru af árinu.

#### 4. gr.

Handsömunargjald, samkv. 1. kafla, 4. greinar samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði, skal vera kr. 4.500 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 8.500 ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

#### 5. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar þann 3. nóvember 2005 með vísun til heimilda í samþykktum um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði frá 3. nóvember 2005 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

*Sauðárkróki, 9. janúar 2006.*

**Ársæll Guðmundsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2006